

Jónsmessunefnd

Sölvhólsvör, Sölvhólsgötu 7.

12. mars 2025

Mætt: Aðalsteinn Þorsteinsson, Arnar Þór Sævarsson, Guðni Geir Einarsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Hermann Sæmundsson, Ingilín Kristmannsdóttir, Jóhanna Sigurjónsdóttir og Jón Björn Hákonarson.

Auk þess sátu fundinn Árni Sverrir Hafsteinsson frá innviðaráðuneytinu, Jón Viðar Pálmason og Ólafur Heiðar Helgason frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Saga Guðmundsdóttir og Valgerður Rún Benediktsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Einnig sat fundinn Þór Reykdal Hauksson frá mennta- og barnamálaráðuneytinu undir lið 3.

1. Staða efnahagsmála og stöðugleikaregla.

Ólafur Heiðar Helgason frá skrifstofu efnahagsmála í fjármála- og efnahagsráðuneytinu fór stuttlega yfir stöðu efnahagsmála og hlutverk sveitarfélaga í að stuðla að efnahagslegum stöðugleika.

2. Aðhald í fjármálum hins opinbera og samkomulag um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga.

Hermann Sæmundsson ráðuneytisstjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu ræddi vinnu við fjármálaáætlun og samkomulag um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga. Rætt um þær hagræðingartillögur sem bárust ríkisstjórninni og að fulltrúar sveitarfélaga fái aðgang að þeim tillögum sem snúa að sveitarfélögum. Jón Viðar Pálmason kynnti minnisblað til Jónsmessunefndar um áætlaða afkomu sveitarfélaga 2026-2030, f.h. samráðsnefndar um opinber fjármál. Rætt að samkomulag um markmið um afkomu og efnahag verði undirritað í næstu viku. Áhersla í samkomulaginu verði á skýr markmið, eftirfylgni og að mæla árangur með skýrum hætti.

Ákveðið að útvíkka samtal og vinnu við endurskoðun fjármálareglna en hópur undir forystu IRN með fulltrúum þess og Sambandsins hefur verið störfum.

3. Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga

Þór Hauksson Reykdal frá skrifstofu stefnumótunar og innleiðingar í mennta- og barnamálaráðuneytinu kynnti fyrirhugað samkomulag um að ríkið taki yfir þjónustu við börn

með fjölþættan vanda. Áætlað að fjármálaráðherra fari með minnisblað í ríkisstjórn um samkomulag um annars vegar börn með fjölþættan vanda og hins vegar hjúkrunarheimilin. Gert ráð fyrir undirritun á landsþingi Sambandsins eða strax í kjölfarið.

Einnig rætt um ábyrgðarhlutverk ríkis og sveitarfélaga í menntamálum og skipun starfshóps sem fari heildsætt yfir þessi mál og stuðli að því að ríki og sveitarfélög vinni betur saman að stefnumótun í menntamálum. Fulltrúar sveitarfélaganna ræða við mennta- og barnamálaráðherra og málið verður tekið aftur upp á næsta fundi Jónsmessunefndar.

4. Samstarfsráð ríkis og sveitarfélaga skv. 2. mgr. 128 gr. laga um sveitarstjórnarmál

Stefnt að fundi í samstarfsráði miðvikudaginn 19. mars nk. þar sem undirrituð verði þrjú framangreind samkomulög um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga, börn með fjölþættan vanda og hjúkrunarheimilin.